

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 11. desember 2017 í máli nr. E-506/2017:

Steingrímur Bjarni Erlingsson

(Valdemar Johnsen hdl.)

gegn

Fáfni Offshore hf.

(Gísli Guðni Hall hrl.)

Mál þetta var höfðað með stefnu birtri 9. febrúar sl. og gagnstefnu birtri 15. mars sl. og dómtekið að lokinni aðalmeðferð 1. desember sl. Aðalstefnandi er Steingrímur Bjarni Erlingsson, Borg, Hvolsvelli. Gagnstefnandi er Fáfni Offshore ehf., Austurströnd 1, Seltjarnarnesi. Þá er í gagnsök stefnt Fáfni Holding ehf., Bárugötu 4, Reykjavík.

Í aðalsök gerir aðalstefnandi þá kröfu að gagnstefnandi greiði honum 9.762.000 krónur, „kr. 1.642.000 með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. mars 2016, kr. 1.642.000 með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. apríl 2016, kr. 1.642.000 með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. maí 2016, kr. 1.624.000 með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. júní 2016, kr. 3.248.000 með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. júlí 2016, allt til greiðsludags“. Í gagnsök krefst hann aðallega sýknu en til vara lækkunar. Hann krefst málskostnaðar vegna aðalsakar og gagnsakar, þ. á m. fyrir hönd gagnstefnda Fáfni Holding ehf.

Gagnstefnandi krefst sýknu af kröfu aðalstefnanda í aðalsök. Þá krefst hann þess að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða gagnstefnanda 16.030.173 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 13.408.707 krónum frá 9. mars 2016 til 29. sama mánaðar, en af stefnufjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, þar af 2.621.466 ásamt dráttarvöxtum frá 29. mars 2016 óskipt með gagnstefnda. Hann krefst einnig málskostnaðar.

Gagnstefndi, Fáfni Holding ehf., krefst aðallega sýknu af kröfu gagnstefnanda en til vara lækkunar. Hann krefst einnig málskostnaðar.

Helstu ágreiningsefni og yfirlit málsatvika

Aðalstefnanda var sagt upp starfi sínu sem framkvæmdastjóra gagnstefnanda 14. desember 2015 og átti hann rétt á launum í sex mánuði samkvæmt ráðningarsamningi. Með bréfi 29. febrúar 2016 lýsti gagnstefnandi yfir

riftun ráðningarsamningsins og féllu launagreiðslur niður frá og með 1. mars þess árs. Snýst ágreiningur aðila í aðalsök um lögmæti þessarar riftunar og hvort aðalstefnanda beri laun fyrir eftirstöðvar uppsagnarfrests. Í gagnsök deila aðilar um skaðabótaábyrgð aðalstefnda og gagnstefnda, sem er einkahlutafélag í hans eigu, vegna ýmissar háttsemi aðalstefnanda fyrir og eftir starfslok hans hjá gagnstefnanda.

Aðalstefnandi stofnaði gagnstefnanda árið 2012 og var gagnstefndi, sem er einkahlutafélag í eigu aðalstefnanda, í upphafi eigandi alls hlutfjár. Tilgangur gagnstefnanda var kaup og rekstur skipa til þjónustu við olíuiðnað. Á vegum félagsins var skipið Polarsyssel smíðað í Noregi árið 2013 og var skipið leigt til sýslumannsins á Svalbarða. Á árinu 2014 var hlutfé félagsins aukið og varð eignarhlutur gagnstefnda í gagnstefnanda við það u.þ.b. 22%. Samhliða var gerður ráðningarsamningur við aðalstefnanda sem framkvæmdastjóra gagnstefnanda. Er sá samningur dagsettur 14. nóvember 2014. Í fyrstu mun rekstur gagnstefnanda hafa gengið samkvæmt áætlun og ákvað stjórn þess að gera smíðasamning um annað sambærilegt skip, Fafni Viking. Eftir að framkvæmdir við hið nýja skip hófust varð mikið verðfall á olíumörkuðum og breyttust rekstrarforsendur hins nýja skips því mjög til hins verra. Ekki er um það deilt að ágreiningur reis á milli aðalstefnanda og stjórnar félagsins hvernig bregðast skyldi við þeim erfiðleikum sem blöstu við félaginu. Samkvæmt því sem fram kom í skýrslum fyrir dómi laut sá ágreiningur að meginstefnu að því hvort gagnstefnandi leysti sig undan samningi um smíði Fafni Viking gegn greiðslu til skipasmíðastöðvarinnar eða hvort félagið héldi kaupum skipsins til streitu og fyndi því önnur verkefni en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi. Leiddi þessi ágreiningur, sem ekki er ástæða til að rekja nánar, til þess að aðalstefnanda var sagt upp störfum með bréfi 14. desember 2015. Er ekki um það deilt að sú uppsögn tók gildi tafarlaust og óskaði gagnstefnandi ekki eftir vinnuframlagi aðalstefnanda eftir uppsagnardag. Var aðalstefnanda gert að fara af starfsstöð gagnstefnanda og skila tækjum og gögnum tafarlaust sem hann hafði undir höndum. Var sérstaklega vísað til fartölvu, greiðslukorts og farsíma sem tilheyrðu gagnstefnanda.

Með bréfi 26. janúar 2016 tilkynnti gagnstefnandi aðalstefnanda að ákveðið hefði verið að fara yfir öll tölvupóstsamskipti hans og viðskiptamanna félagsins. Var aðalstefnanda tjáð að téð skoðun færi fram kl. 10 „föstudaginn 28. jan. n.k.“ og þá án tillits til þess hvort hann yrði viðstaddur. Þá var þess krafist að aðalstefnandi skilaði tækjum í eigu gagnstefnanda, svo sem fartölvu og farsíma, svo og öllum gögnum sem kynnu að vera í hans vörslum. Að endingu var þess krafist að aðalstefnandi rýmdi fyrrum skrifstofu sína af persónulegum munum fyrir lok mánaðarins. Aðalstefnandi heldur því fram að hann hafi mætt á skrifstofu

gagnstefnanda föstudaginn 29. janúar 2016 en þá hafi enginn verið viðstaddur. Af hálfu gagnstefnanda er því hins vegar haldið fram að aðalstefnandi hafi hvorki mætt á starfstöð félagsins fimmtudaginn 28. janúar né föstudaginn 29. sama mánaðar.

Samkvæmt lýsingu gagnstefnanda á málsatvikum leiddi skoðun á tölvupósti aðalstefnanda hjá netþjóni gagnstefnanda í ljós að engan tölvupóst var að finna fyrir 15. desember 2015. Er vísað til tölvubréfs starfsmanns Netheima ehf. 2. febrúar 2016 um að aðalstefnandi hafi „greinilega tekið til í hólfinu sínu“. Í tölvubréfi aðalstefnanda 4. sama mánaðar til lögmanns gagnstefnanda kom fram að aðalstefnandi hefði reynt án árangurs að mæta á áður boðaðan fund. Þar kom jafnframt fram að aðalstefnandi óskaði þess að vera viðstaddur skoðun á tölvupósti hans auk þess sem aðalstefnandi gerði kröfu um skil ýmissa persónulegra muna í vörslum gagnstefnanda.

Með bréfi 9. febrúar 2016 var aðalstefnanda að nýju boðið að vera viðstaddur skoðun á tölvupósti á fundi fimmtudaginn 11. febrúar 2016. Þá var þess óskað að munum í eigu gagnstefnanda, þar með talið fartölvu, farsíma og borðtölvu, yrði skilað. Auk þess var vísað til meðfylgjandi lista með tilteknum öðrum munum sem gagnstefnandi taldi í sinni eigu en í vörslum aðalstefnanda. Að síðustu var áréttað að aðalstefnandi hefði enga heimild til að tjá sig í nafni félagsins. Lögmaður aðalstefnanda mun hafa mætt á fundinn 11. febrúar 2016 en án þess að tæki eða gögn væru afhent gagnstefnanda. Kveður aðalstefnandi að á þeim fundi hafi enginn tæknimaður verið viðstaddur og því ekki unnt að fara yfir rafræn gögn. Á fundi 14. sama mánaðar afhenti lögmaðurinn hins vegar fyrir hönd aðalstefnanda fulltrúum gagnstefnanda svonefndan flakkara með rafrænum gögnum. Deila aðilar um hvort með þessu hafi öll umbeðin gögn í vörslum aðalstefnanda verið afhent.

Með bréfi 29. febrúar 2016 var lögmanni aðalstefnanda tilkynnt um riftun ráðningarsamnings hans. Vísað var til fyrri samskipta aðila og þess að aðalstefnandi hefði ekki mætt á fundi þar sem fara átti yfir tölvupóstsamskipti hans sem framkvæmdastjóra gagnstefnanda. Þá var vísað til þess að í ljós hefði komið að aðalstefnandi hefði eytt öllum tölvupóstum sínum af netþjóni félagsins og því væri ekki unnt að skoða gögnin án hans atbeina. Einnig kom fram að þau gögn sem afhent hefðu verið af hálfu aðalstefnanda væru sáralítill og handvalin. Væri því ekki um að ræða fullnægjandi skil á gögnum í eigu félagsins. Í bréfinu var einnig vísað til þess að borðtölva félagsins væri horfin og væri engin skýring á hvarfinu en að aðalstefnandi hefði haft hana á brott með sér. Þá hefði sést til aðalstefnanda fara án leyfis inn á skrifstofur gagnstefnanda að kvöldi 27. janúar 2015. Í bréfinu er einnig vísað til þess að aðalstefnandi hafi ekki staðið skil á tilteknum munum í eigu

gagnstefnanda og að innheimt hafi verið leiga sem tilheyrir gagnstefnanda en ekki einkahlutafélagi aðalstefnanda, gagnstefnda Fáfni Holding ehf. Er þessum síðastnefndu atvikum lýst nánar í reifun á málsástæðum og lagarökum gagnstefnanda. Í niðurlagi bréfsins segir að gagnstefnandi líti svo á að framið hafi verið stórfellt brot gegn ráðningarsamningi og aðalstefnandi hafi fyrirgert rétti til launa á uppsagnarfresti. Er í bréfinu lýst yfir riftun sammingsins og ítrekuð skil á öllum gögnum í vörslum aðalstefnanda. Þá er í bréfinu krafist skila á leigutekjum að fjárhæð 2.041.861 króna að viðbættum vöxtum.

Ekki er ástæða til að rekja sérstaklega samskipti aðila eftir riftunaryfirlýsingu gagnstefnanda.

Við aðalmeðferð málsins gáfu aðalstefnandi og stjórnarformaður gagnstefnanda, Jóhannes Gunnarsson, aðilaskýrslu. Þá komu fyrir dóminn sem vitni Stefán Árni Auðólfsson hdl., Rúnar Steinn Ragnarsson, fyrrverandi fjármálastjóri gagnstefnanda, Davíð Örn Bjarnason, sjálfstætt starfandi, Hans Aðalsteinn Gunnarsson, sjálfstætt starfandi, og Guðmundur Ingi Hjartarson, starfsmaður Netheima hf.

Helstu málsástæður og lagarök aðalstefnanda

Aðalstefnandi byggir kröfu sína í aðalsök á ráðningarsamningi aðila. Samkvæmt gr. 3.1 í ráðningarsamningi hafi borið að greiða aðalstefnanda 1.400.000 krónur í mánaðarlaun auk lágmarksiðgjalds í lífeyrissjóð og viðbótarframlags í lífeyrissjóð eða samtals þá 1.624.000 krónur á mánuði. Frá og með uppsögninni 14. desember 2015 hafi aðalstefnanda því borið laun í sex mánaða uppsagnarfresti, miðað við mánaðamót, samkvæmt gr. 6.4 í ráðningarsamningi. Aðalstefnandi hafi hins vegar einungis fengið laun fyrir janúar 2016. Að auki sé orlofsréttur stefnanda óuppgerður, sbr. gr. 3.1 í ráðningarsamningi. Aðalstefnandi vísar þessu til nánari stuðnings til sérstakrar verndar launagreiðslna samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 og kjarasamningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur sem hann telur hafa gilt um ráðningarsambandið.

Aðalstefnandi mótmælir því að skilyrði hafi verið til riftunar ráðningarsammingsins með bréfi gagnstefnanda 29. febrúar 2016. Hann vísar til þess að aðalstefnandi hafi, þrátt fyrir starfslok sín hjá gagnstefnanda, áfram verið stór hluthafi í gagnstefnanda. Ósamkomulag aðalstefnanda og stjórnar gagnstefnanda um framtíð félagsins hafi hins vegar ekki getað veitt gagnstefnanda heimild til riftunar. Að því er varðar skil á fartölvu og farsíma telur aðalstefnandi að þetta geti ekki réttlætt riftun ráðningarsammingsins. Gert sé ráð fyrir því í gr. 6.7 í samningnum að ef þessum munum er ekki skilað öðlist gagnstefnandi einfaldlega

rétt til skuldajöfnunar gagnvart ógreiddum launum. Þá hafi greiðslukorti verið skilað. Varðandi meint hvarf borðtölvu liggi ekkert fyrir um tilvist tölvunnar eða af hverjum hún hafi verið fjarlægð. Vörsluskipti á rafrænum gögnum hafi farið í algerum handaskolum af ástæðum sem varði gagnstefnanda. Er vísað til laga um persónuvernd nr. 77/2000 og reglna nr. 837/2006 um hvernig vinnuveitanda beri að standa að skoðun á tölvupósti starfsmanns. Hins vegar fari afhending rafrænna gagna ekki fram með afhendingu fartölvu. Lögmaður aðalstefnanda hafi afhent fulltrúum gagnstefnanda rafræn skjöl á hörðum diskum 14. febrúar 2016. Aðalstefnandi mótmælir fullyrðingum um að þessi gögn hafi ekki falið í sér fullægjandi skil af hans hálfu og vísar sérstaklega til þess að gagnstefnandi hafi á engu stigi málsins tiltekið hvaða gögn hann telur skorta eða gert nánari grein fyrir efni þeirra.

Aðalstefnandi mótmælir því að hafa fjarlægt muni úr húsnaði gagnstefnanda, svo sem sófa eða gardínur. Hér sé um að ræða ásakanir um þjófnað sem séu úr lausu lofti gripnar og algerlega ósannaðar. Þá telur hann þá hagsmuni sem hér er um að ræða smávægilega. Í þessu tilliti vísar aðalstefnandi einnig til þess að þeir reikningar sem gagnstefnandi vísi til séu allt frá árinu 2013. Á þeim tíma hafi aðalstefnandi verið eini eigandi félagsins „og gat ráðstafað þessum munum eins og honum sýndist án þess að þurfa að standa skil á gagnvart hluthöfum sem komu inn í félagið síðar“. Nýir hlutahafar hafi keypt félagið að lokinni áreiðanleikakönnun og borið skylda til að fara yfir allar eignir félagsins á þeim tíma. Ljóst sé að aðalstefnandi hafi enga muni tekið eftir að þau kaup voru gerð.

Að því er varðar fullyrðingar gagnstefnanda um að gagnstefndi hafi tekið við húsaleigugreiðslum sem bárust gagnstefnanda, vísa aðalstefnandi og gagnstefndi til samnings gagnstefnda við norska félagið AGR AS frá árinu 2015 þar sem síðastnefnda félagið skuldbindi sig til að greiða 12 þúsund norskar krónur í húsaleigu og símaþjónustu. Með samningnum hafi félagið vilja tryggja sér starfsaðstöðu í Reykjavík. Hafi merkingu verið komið fyrir á fasteigninni Bárugötu 4 auk þess sem norska félagið hafi haft símsvara í byggingunni. Gagnstefndi hafi verið eigandi 65,5% hússins og haft í hyggju að kaupa einnig kjallara þess og þar með húsið allt. Gagnstefnandi, sem hafi verið leigjandi að 2. hæð hússins, hafi með engum hætti útskýrt hvers vegna félaginu hafi borið greiðslur samkvæmt samningi gagnstefnda við hið norska félag. Þá er því sérstaklega mótmælt að hér geti hafa verið um brot á skyldum aðalstefnanda að ræða.

Helstu málsástæður og lagarök gagnstefnanda

Gagnstefnandi byggir sýknukröfu sína í aðalsök á því að riftun gagnstefnanda á ráðningarsamningi aðila hafi verið lögmæt. Um heimild til

riftunarinnar vísast til gr. 6.1 í ráðningarsamningi, en þar segi að hvenær sem er sé heimilt að rifta samningnum fyrirvaralaust vegna meiri háttar eða alvarlegra brota starfsmanns á skyldum samkvæmt samningnum. Riftun skuli vera skrifleg og ljúki starfsskyldum þegar við móttöku yfirlýsingar. Í gr. 6.2 séu skilgreind meiri háttar eða alvarleg brot með upptalningu, sem ekki sé tæmandi. Undir skilgreininguna falli, samkvæmt lið (b), ef forstjóri brýtur starfsskyldur sínar verulega, eða brýtur ítrekað gegn fyrirmælum félagsins, þrátt fyrir áminningar, eða brýtur gegn trúnaðarskyldum sínum eða ákvæðum um samkeppnishömlur. Samkvæmt gr. 6.3 séu réttaráhrif riftunar vegna verulegra vanefnda þau að réttur til launa í uppsagnarfresti fellur niður.

Gagnstefnandi telur að aðalstefnandi hafi brotið gegn gr. 8.2 og 8.3 í ráðningarsamningnum með alvarlegum hætti. Í gr. 8.2 segi að öll skjöl og gögn sem starfsmaður hafi í vörslu sinni vegna starfs síns, hvort sem þau eru á skriflegu, tölvutæku eða annars konar formi, tilheyri félaginu og skuli ávallt vera aðgengileg félaginu. Þá segir í gr. 8.3 að starfsmanni sé óheimilt, er hann lætur af daglegum störfum fyrir félagið, án undangengins eða sannanlegs samþykkis félagsins, að breyta, lagfæra eða eyða gögnum, sem hann kann að hafa í vörslum sínum eða varðveita afrit af slíkum gögnum, hvort sem þau er að finna í tölvu eða í öðru formi. Gagnstefnandi telur einnig að aðalstefnandi hafi brotið gegn ítarlegum greinum 6.5 og 6.6 á uppsagnarfresti með því að skila ekki lausafjármunum í eigu félagsins og samkvæmt ítrekuðum kröfum þar um, með tilhæfulausum kröfum um afhendingu á lausafjármunum sem hann kvaðst eiga en voru sannanlega eign félagsins, og með því að sinna ekki ítrekuðum kröfum um afhendingu rafrænna gagna.

Gagnstefnandi vísar einnig til þess að vitni voru að því að aðalstefnandi fór á skrifstofu félagsins kvöldið 27. janúar 2016, deginum áður en hann var fyrst boðaður til skoðunar á tölvupóstum, og hafði á brott með sér tölvur félagsins sem gagnstefnandi endurheimti ekki aftur, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur. Einnig hafi komið fram að hann lét eyða tölvupóstunum sem hýstir voru hjá Netheimum, en í gr. 11.4 í ráðningarsamningi sé ákvæði þess efnis að starfsmaður geri sér grein fyrir að félagið afriti allan tölvupóst og hafi heimild til þess að lesa hann ef grunur vaknar um alvarlega misnotkun.

Gagnstefnandi vísar einnig til gr. 11 í ráðningarsamningi, um trúnað, og til almennra trúnaðarskyldna vinnuréttar, sem gagnstefnandi telur að aðalstefnandi hafi brotið með framangreindri hegðun sinni og einnig með leigu gagnstefnda, Fáfnis Offshore ehf., á hluta af sama húsnæði og gagnstefnandi hafði leigt, til norsks aðila, og einnig með samstarfssamningi við það félag, sem með réttu hefði átt að falla undir starfssvið gagnstefnanda. Aðalstefnandi hafi ekki upplýst

gagnstefnanda um þennan hagsmunaárekstur. Aðalstefnandi hafi einnig brotið gegn framangreindum ákvæðum þegar hann mætti í sjónvarpsþáttinn Kastljós og tjáði sig um viðkvæm málefni gagnstefnanda með neikvæðum hætti. Aðalstefnandi hafi einnig brotið gegn 2. mgr. 16. gr. c í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, þegar hann tjáði sig með þeim hætti sem hann gerði í Kastljósþættinum.

Gagnstefnandi mótmælir því að gagnstefnandi hafi ekki óskað eftir aðstoð aðalstefnanda við frágang verkefna. Gagnstefnandi lítur svo á að beiðni um slíka aðstoð hafi falist í ítrekuðum kröfum á hendur aðalstefnanda um gagnaskil. Gagnstefnandi vísar til þess að aðalstefnandi viðurkenni að hafa ekki staðið skil á fartölvu og síma, en telur að slíkt geti einungis leitt til skuldajöfnunar á móti launakröfum skv. gr. 6.7 í ráðningarsamningi. Gagnstefnandi telur hins vegar að ákvæði um rétt til skuldajöfnunar útiloki ekki önnur úrræði gagnvart alvarlegum trúnaðarbrotum og vanefndum aðalstefnanda. Gagnstefnandi mótmælir fullyrðingum aðalstefnanda um að ekki hafi verið rétt staðið að skoðun tölvupósta. Því er einnig mótmælt að um fullnægjandi afhendingu gagna hafi verið að ræða þegar lögmaður aðalstefnanda afhenti svonefndan flakkara á fundi 14. febrúar 2016. Að því er varðar aðra muni bendir gagnstefnandi á að ekki þurfi frekari sönnunar við en bókhald félagsins. Engu skipti hvort munir hafi legið fyrir við áreiðanleikakönnun við kaup á gagnstefnanda, enda hafi könnunin ekki, í ljósi umfangs félagsins, lotið að því að staðreyna einstaka búsmuni.

Gagnstefnandi mótmælir sérstaklega kröfu aðalstefnanda um orlof í einn mánuð og telur ekki að sú krafa eigi stoð í gr. 3.1 í ráðningarsamningi. Verði fallist á að stefnandi eigi rétt á launum út uppsagnarfrest nemi þau samtals 8.120.000 krónum (5 x kr. 1.642.000) að öllu meðtöldu.

Krafa gagnstefnanda í gagnsök grundvallast á því að aðalstefnandi hafi valdið gagnstefnanda tjóni með því brjóta gegn skyldum sínum sem framkvæmdastjóri. Fyrri kröfuliðurinn sé að fjárhæð 13.408.707 krónur að höfuðstól og sé vegna tjóns gagnstefnanda af því að aðalstefnandi sinnti ekki skyldum sínum til að afhenda lausafjármuni og rafræn gögn í eigu félagsins. Seinni kröfuliðurinn sé að fjárhæð 2.621.466 kr. að höfuðstól, vegna leigutekna sem gagnstefnandi telur að með réttu hefðu átt að renna til hans, í stað gagnstefnda, og hafi hann þar með orðið fyrir samsvarandi fjártjóni. Með hliðsjón af úrlausn málsins er ekki ástæða til að rekja nánari málsástæður og lagarök gagnstefnanda fyrir gagnkröfu sinni eða sundurliðun hennar.

Niðurstæða um aðalsök

Líkt og áður greinir var aðalstefnanda sagt upp störfum sem framkvæmdastjóra gagnstefnanda með bréfi 14. desember 2015 og báru honum laun í sex mánuði frá og með næstu mánaðamótum samkvæmt grein 6.4 í ráðningarsamningi. Er ekki um það deilt að aðalstefnandi fékk ekki greidd laun frá og með febrúar 2016 og er því um að ræða ógreidd laun aðalstefnanda fyrir fimm mánuði, auk lífeyrisgreiðslna og orlofs, sem aðilar deila um í aðalsök.

Í uppsagnarbréfinu 14. desember 2015 var þess sérstaklega krafist að aðalstefnandi skilaði þegar í stað fartölvu, greiðslukorti og farsíma félagsins til stjórnarformanns gagnstefnanda ásamt öðrum búnaði, eignum og gögnum í þess eigu. Var sú krafa gagnstefnanda í samræmi við grein 6.6 í ráðningarsamningi. Ekki er um það deilt að aðalstefnandi hélt þrátt fyrir þetta áfram í sínum vörslum fartölvu í eigu gagnstefnanda og farsíma eftir uppsögnina. Hins vegar er ekki deilt um not hans eða skil á greiðslukorti á vegum gagnstefnanda. Þá telur dómurinn sannað með vitnisburði Davíðs Arnar Bjarnasonar og Hans Aðalsteinssonar að aðalstefnandi hafi haft í sínum vörslum, eftir starfslok sín, borðtölvu í eigu gagnstefnanda. Telur dómurinn haldlausa þá útskýringu aðalstefnanda, sem fram kom við munnlegan flutning málsins, að téður Davíð Örn, sem mun hafa starfað á vegum aðalstefnanda við viðgerðir í kjallara Bárugötu eftir að gagnstefndi festi kaup á eignarhlutanum síðla í febrúar 2016, kunni að hafa tekið tölvuna ófrjálstri hendi.

Að mati dómsins verður að ganga út frá því að áðurgreind tæki innihéldu eða gátu innihaldið ýmis gögn varðandi rekstur gagnstefnanda, svo sem tölvubréfasamskipti framkvæmdastjóra og viðskiptamanna gagnstefnanda. Voru hagsmunir gagnstefnanda af því að fá téð tæki í sínar vörslur, í því skyni að kanna þau gögn sem þar kynni að vera að finna, því augljósir auk þess sem þessi skylda aðalstefnanda var sérstaklega áréttuð í grein 6.6 í ráðningarsamningi hans. Bar aðalstefnanda, sem fráfari framkvæmdastjóra félagsins, þar af leiðandi skýr og ótvíræð skylda til þess að afhenda tækin án tafar að beiðni gagnstefnanda. Gat heimild gagnstefnanda samkvæmt lið 6.7 í ráðningarsamningi til þess að skuldajafna launum starfsmanns við kröfur vegna tækja, sem ekki er skilað við starfslok, ekki haggað þeirri skyldu.

Í málinu liggur fyrir að aðalstefnandi afhenti ekki umrædd tæki, hvorki fyrir né síðar. Þá afhenti aðalstefnandi ekki þau gögn sem var að finna á tækjunum fyrir en eftir ítrekaðar kröfur gagnstefnanda. Að mati dómsins fól háttsemi aðalstefnanda, við þær aðstæður sem uppi voru, í sér skýrt og stórfellt brot á trúnaðarskyldu hans sem framkvæmdastjóra gagnstefnanda eins og þær leiddu af ráðningarsamningi hans og almennum reglum vinnuréttar. Ekki er um það deilt að gagnstefnandi óskaði ítrekað eftir skilum tækjanna af hálfu aðalstefnanda án

árangurs. Eins og málið liggur fyrir samkvæmt þessu er það niðurstaða dómsins að gagnstefnanda hafi að svo búnu verið heimilt að rifta ráðningarsamningi gagnstefnanda við aðalstefnanda, svo sem hann gerði með áðurlýstu bréfi 29. febrúar 2016. Verður gagnstefnandi af þessari ástæðu sýknaður af kröfu aðalstefnanda um vangreidd laun frá og með febrúar 2016 en í málinu er ekki deilt um launagreiðslur fram að því tímamarki. Þarf þá ekki sérstaklega að skera úr um hvort þau gögn, sem aðalstefnandi fól lögmanni sínum að endingu að afhenda á minnislykli hinn 14. febrúar 2015, hafi falið í sér fullnægjandi skil aðalstefnanda samkvæmt ráðningarsamningi og almennum reglum vinnuréttar.

Niðurstaða um gagnsök

Krafa gagnstefnanda um skaðabætur er í fyrsta lagi á því reist að aðalstefnandi hafi valdið gagnstefnanda tjóni með því að vanrækja að skila honum tilteknum lausafjarmunum og gögnum. Líkt og áður greinir er fram komið í málinu að aðalstefnandi hefur enn ekki skilað gagnstefnanda fartölvu og síma. Hins vegar hefur gagnstefnandi ekkert fært fram um ætlað verðmæti þessara hluta annað en kaupverð þeirra samkvæmt reikningum. Miðað við aldur munanna verður það verð ekki lagt til grundvallar tjóni gagnstefnanda. Þar sem ekkert liggur fyrir um gangverð umræddra muna er tjón gagnstefnanda að þessu leyti ósannað að mati dómsins.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing lögmanns gagnstefnanda um að hann hafi fengið í sínar hendur áðurgreinda borðölvu í eigu gagnstefnanda. Er því ekki haldið fram að tölvan hafi verið skemmd. Er tjón gagnstefnanda að þessu leyti því ósannað. Um tilurð og afdrif annars lausafjár sem gagnstefnandi saknar liggur ekkert fyrir í málinu. Vitnið Rúnar Steinn Ragnarssonar, sem starfaði í starfstöð gagnstefnanda að Bárugötu 4 frá því um sumarið 2015 fram að starfslokum aðalstefnanda, kannaðist fyrir dómi ekki við að téðir munir hefðu verið á skrifstofum félagsins eða öðrum vörslum þess. Þótt ekki sé ástæða til að efast um þá fullyrðingu gagnstefnanda að félagið hafi á sínum tíma verið kaupandi munanna, er þannig ekkert fram komið í málinu um að stefnandi hafi heimildarlaust tekið þá í sínar vörslur eða beri af öðrum ástæðum skaðabótaábyrgð á hvarfi þeirra. Er tjón gagnstefnanda að þessu leyti því einnig ósannað.

Svo sem áður greinir deila aðilar um hvort aðalstefnandi hafi skilað öllum rafrænum gögnum til gagnstefnanda sem voru í hans vörslum og lutu að rekstri félagsins. Hvað sem líður ágreiningi aðila um þetta atriði hefur gagnstefnandi ekki leitt að því líkur að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna ætlaðs brots aðalstefnanda að þessu leyti eða gert nánari grein fyrir umfangi þess tjóns. Eru því ekki skilyrði til að fallast á þennan þátt kröfu gagnstefnanda. Hið sama á við um

fréttaviðtal við aðalstefnanda í lok febrúar 2015 sem gagnstefnandi telur að hafi valdið honum óhagræði og fjárhagslegu tjóni.

Síðasti liður skaðabótakröfu gagnstefnanda, sem einnig er beint að gagnstefnda, Fáfni Holding ehf., lýtur að greiðslum sem gagnstefndi tók við frá norsku félagi, ARG Facilities Solution AS, að því er virðist vegna leigu á húsnæði og tengdrar þjónustu að Bárugötu 4. Ekki er um það deilt að önnur og þriðja hæð fasteignarinnar að Bárugötu 4 var í eigu gagnstefnda, en félagið keypti auk þess kjallara hússins 24. febrúar 2016. Þá er ekki ágreiningur um að gagnstefnandi leigði einungis 2. hæð hússins af gagnstefnda og fór því ekki með forráð eignarinnar að öðru leyti. Því er hvorki haldið fram af hálfu gagnstefnanda að hann hafi gert samning um framleigu við hið norska félag né að síðastgreinda félagið hafi með einhverjum hætti nýtt það húsnæði sem gagnstefnandi réð yfir í krafti leigusamnings síns við Fáfni Holding ehf. Í skýrslum við aðalmeðferð málsins kom fram að hið norska félag hefði verið með auðkenni sitt við inngang hússins og jafnframt liggur fyrir í málinu samningur félagsins og gagnstefnda þar sem sá síðarnefndi skuldbindur sig til tiltekinnar mánaðarlegrar greiðslu. Í þessu ljósi hefur gagnstefnandi engin haldbær rök fært fyrir því að honum hafi borið þær greiðslur sem hið norska félag innti af hendi til gagnstefnda eða að gagnstefndi og aðalstefndi hafi bakað honum tjón með því að taka við greiðslunum án hans vitneskju.

Samkvæmt öllu framangreindu verða aðalstefnandi og gagnstefndi sýknaðir af kröfu gagnstefnanda í gagnsök.

Í ljósi atvika málsins þykir rétt að málskostnaður falli niður, í bæði aðalsök og gagnsök.

Af hálfu aðalstefnanda og gagnstefnda flutti málið Valdemar Johnsen hdl.

Af hálfu gagnstefnanda flutti málið Gísli Halldór Hall hrl.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Gagnstefnandi, Fáfni Offshore ehf., er sýkn af kröfu aðalstefnanda, Steingríms Bjarna Erlingssonar.

Aðalstefnandi og gagnstefndi, Fáfni Holding ehf., eru sýknir af kröfu gagnstefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

Skúli Magnússon